



KERLINGARFJÖLL- LANDVARDASKÁLI

Hrunamannahreppi

Deiliskipulag - tillaga

19.01.2022





Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,

með síðari breytingum, var samþykkt af sveitastjórn Hrunamannahrepps þann _____

f.h. sveitarfélagsins Hrunamannahrepps

SKIPULAGSFERLI

Skipulagslýsing var auglýst frá 1. til 24. des. 2021.

Tillagan var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var staðfest með auglýsingu í

B deild Stjórnartíðinda þann: _____

Skipulagsgögn

Greinargerð ásamt skipulagsupprætti.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 [✉ efla@efla.is](mailto:efla@efla.is) [🌐 www.efla.is](http://www.efla.is)

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
1.2	Gildandi deiliskipulag.	Error! Bookmark not defined.
2	FORSENDUR	5
2.1	Umhverfi og staðhættir	5
2.2	Verndargildi	6
2.2.1	Friðlýsing	6
2.3	Minjar	8
3	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	9
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	9
3.1.1	Hrunamannahreppur – Aðalskipulag 2016-2032	9
4	DEILISKIPULAG SKILMÁLAR	12
4.1	Landvarðarskáli	12
4.2	Aðkoma og bílastæði	12
4.3	Veitur	12
5	ALMENNIR SKILMÁLAR	13
5.1	Hönnun og uppdrættir	13
5.2	Frágangur lóðar	13
6	UMHVERFISSKÝRSLA	14
6.1	Tilkynninga- eða matsskyldar framkvæmdir	14
6.2	Vægi umhverfisáhrifa	14
6.3	Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið	15
6.3.1	Valkostir og samanburður	16
6.3.2	Niðurstaða	16
7	SKIPULAGSFERLI	17
7.1	Samráð	17
7.2	Skipulagsferli	17

EFLA - UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

2775-028-V01-GRG-Kerlingarfjöll
landvarðaskáli

HÖFUNDUR

MMR

RÝNT

AJ/AB

INNGANGUR

Hér er sett fram nýtt deiliskipulag þar sem fyrirhugað er að reisa landvarðaskála sem mun nýtast til að þjónusta verndarsvæðið í Kerlingarfjöllum og Hveravöllum.

Fyrirhugað er að reisa landvarðarskála skammt norðan Kerlingarfjallavegar. Svæðið er innan þjóðlendu og er friðlýst frá ágústmánuði 2020. Núverandi starfsemi á svæðinu er í samræmi við samning á milli Fannborgar ehf. og Hrunamannahrepps.

Skipulagslýsing var kynnt í desember 2021 og við nánari athugun var ákveðið að gert yrði nýtt deiliskipulag.

1.1 Skipulagsgögn

- Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:1000
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum.

FORSENDUR

Þörf er á að reisa nýjan skála fyrir landverði í Kerlingarfjöllum en aukning ferðamanna og vaxandi álag á svæðinu allt árið krefst aukinnar viðveru landvarða og bættrar aðstöðu sem ekki er rými í dag fyrir í núverandi húsnæði.

Staðsetning nýrrar lóðar fyrir landvarðarhúsið var valin nokkuð frá Ásgarði til þess að vera meira næði frá megin dvalarstað ferðamanna. Skálinn sést frá Kerlingarfjallavegi á seinasta kaflanum áður en komið er að Ásgarði, að öðru leiti er skálinn í hvarfi.

Á svæðinu er að mestu mólendi, melar og sandlendi, einnig er eitthvað um moslendi og votlendi. Svæðið er gróið að hluta og í jaðri raskaðs svæðis við veginn.

1.1 Umhverfi og staðhættir

Kerlingarfjöll eru fjallaklasi á sunnanverðum Kili, skammt í suðvestur frá Hofsjökli, á vatnaskilum Hvítár og Þjórsár.

Landslag er sérstætt og óvenju fjölbreytt, litríkt og sérstæð form eru víða. Landi hefur lítið verið raskað. Einkennandi eru fjöllin, sem gnæfa upp úr svæðinu. Landið rís frá um 600 m.y.s. og upp fyrir 1.400 m.y.s. Þau eru að mestu úr líparíti og eru randfjöll þeirra úr bæði dökku og ljósu móbergi. Mikið er af hrafntinnu í Kerlingarfjöllum. Fjöllin eru þyrping tinda og eggja sem ná yfir u.þ.b. 150 km² svæði. Fjöllin sjást mjög langt að og eru hæstu tindarnir í um 1.500 m.y.s. Árnar Ásgarðsá, sem rennur í Hvítá, og Kisa, sem rennur í Þjórsá, skipta fjöllumunum nánast í tvo klasa, vestur- og austurfjöll. Fjöllin draga nafn sitt af klettinum Kerlingu, sem er 25 m hár móbergsdrangur sem stendur í ljósri líparítskriðu sunnan í Kerlingartindi í vestanverðum fjöllumunum. Hæstu tindarnir eru Loðmundur, 1.432 m og Snækollur, sem er hæstur 1.477 m. Af Vesturfjöllunum ber hæst tindana Ögmund 1.352 m og Hött 1.295 m.

Í Kerlingarfjöllum er eitt af öflugri háhitasvæðum á hálendinu, staðsett í miðjum fjallaklasanum og afmarkast af nokkrum tindum, sem taldir eru vera úr brúnum á stórum eldgíg sem þarna hefur verið. Meðal þeirra má nefna Mæni, Hveradalahnjúk, Fannborg, Hött og Ögmund. Í hlíðum sumra fjallanna eru smájöklar, sem hafa minnkað mjög á síðustu áratugum.

Um 5 kílómetra sunnan Ásgarðs eru Hveradalir en þar er jarðhiti hvað mestur í Kerlingarfjöllum. Hveradalir greinast í Vesturdali, Miðdali og Austurdali. Hverirnir þar eru gufu- eða leirhverir. Mikil samfelld ummyndun í berg- og jarðgrunni einkennir hverasvæðin auk þess sem sérstæður gróður vex í nágrenni við hverina. Fjölbreytni og litauðgi svæðisins er því mikil.



MYND 1. Yfirlitsmynd af svæðinu, staðsetning deiliskipulagsins er innan rauða hringins (map.is)

1.2 Verndargildi

Kerlingarfjöll voru friðlýst sem landslagsverndarsvæði árið 2020. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda merkilegar jarðminjar svæðisins, landslag, óbyggðir og ásýnd þess. Friðlýsingunni er einnig ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði, en fjöllin hafa í áratugi verið vinsæll áfangastaður göngu- og skíðafólks. Verndarsvæðið nær utan um Kerlingarfjöll í heild sinni ásamt nærliggjandi óbyggðum suðvestur af Hofsjökli - alls 344 ferkílómetrar.

1.2.1 Friðlýsing

Skipulagssvæðið er innan þjóðlendu og innan friðlýsingarmarka Kerlingarfjalla. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda merkilegar jarðminjar svæðisins, landslag, óbyggðir og ásýnd þess. Friðlýsingunni er einnig ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði.

Á heimsíðu Umhverfisstofnunar er að finna umfjöllun um Kerlingarfjöll og verndargildi þeirra:


„Kerlingarfjöll eru mikill fjallabákur á miðhálandi Íslands, rétt sunnan Hofsjökuls. Svæðið allt var friðlýst sem landslagsverndarsvæði árið 2020.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda merkilegar jarðminjar svæðisins, landslag, óbyggðir og ásýnd þess. Friðlýsingunni er einnig ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði, en fjöllin hafa í áratugi verið vinsæll áfangastaður göngu- og skíðafólks.

Verndarsvæðið nær utan um Kerlingarfjöll í heild sinni ásamt nærliggjandi óbyggðum suðvestur af Hofsjökli - alls 344 ferkílómetrar. Mörk verndarsvæðisins liggja hins vegar að austanverðu upp að friðlandinu í Þjórsárverum og í norðri er stutt í Guðlaugstungur.“

Í auglýsingu um landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum segir:

„Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðminjar, landslag, óbyggðir og ásýnd sbr. 3. gr. og 50. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndunin nær til fágætra jarðmyndanna, megineldstöðvar, landlagsheilda, lífríkis og menningarminja. Með vernduninni skal tryggt að ekki sé gengið á auðlindir svæðisins og nýting innan verndarsvæðisins skal ekki spilla jarðminjum, landslagi og ásýnd þess. Með friðlýsingu svæðisins er stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í allri nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan þess. Friðlýsingunni er ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði og stuðla að góðri umgengni og bættu aðgengi að svæðinu.“



MYND 2. Friðlýst svæði Kerlingarfjalla, Ásgarður er innan fjólubláa svæðisins. Mynd: Umhverfisstofnun

Svæði Fannborgar er í friðlýsingarskjölum svæði II. Um svæðið gilda sérskilmálar m.a. að á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu í tengslum við móttöku ferðamanna. Skilmálar og markmið skipulagsins eru í samræmi við friðlýsingarskilmála.

Þar sem að skipulagssvæðið er innan friðlýst svæðis er Umhverfisstofnun leyfisveitandi innan svæðisins skv. 2. mgr. 13 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Framkvæmdir sem eru breytingar á gildandi deiliskipulagi, eða nýtt deiliskipulag á svæðinu, krefjast leyfis Umhverfisstofnunar. Þær framkvæmdir sem þegar voru heimilaðar fyrir undirritun friðlýsingar skulu ekki háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Ávallt

skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar við breytingar á deiliskipulagi, eða nýju deiliskipulagi á svæðinu.

Skálanum er valinn staður spölkorn frá uppbyggingasvæði Fannborgar. Það er gert til að starfsmenn sem dveljast í húsinu langtímum saman, fái frið frá umferð og ónæði frá ferðafólki. Með því er betur tryggður góður aðbúnaður starfsfólks. Ekki er talið að staðsetning eða uppbygging hússins á þessu svæði rýri verndargildi svæðisins enda ekki á áberandi eða viðkæmu svæði enda innan afþreyingar og ferðamannasvæðis eins og það er skilgreint í aðalskipulagi.

1.3 Minjar

Engar minjar eru skráðar innan skipulagssvæðisins. Ef áður óþekktar minjar finnast á framkvæmdatíma skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands sbr. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

TEGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í kafla 1.1. Víðerni og náttúrugæði segir „*Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja.*“

Í kafla 1.1 Skipulagsákvæði um náttúru og víðerni segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst.*“

Í kafla 1.2 Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi segir: „*Uppbygging ferðamannaáðstöðu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálandinu, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.*“


Í kafla 1.2.1 Skipulag áfangastaða ferðamanna segir: „*Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða: – Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálendið og í jaðri þess. – Hálandismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.*“

Kerlingarfjöll eru skilgreind sem hálandismiðstöð þar sem gert er ráð fyrir samfelldri ferðapjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á starfrækslu yfir vetrartímam.

Skipulagstillagan er í samræmi við landsskipulagsstefnu þar sem verið er að bæta aðstöðu eftirlitsaðila sem nauðsynlegt er að séu staðsettir á svæðinu, m.a. til að leiðbeina ferðamönnum og til að lágmarka neikvæð áhrif á viðkvæma náttúru. Nokkur uppbygging er á svæðinu og er það skilgreint sem hálandismiðstöð. Mannvirki einkenna þegar svæðið og er ný bygging í tengslum við núverandi byggingar. Ekki er því verið að skerða víðerni eða önnur sérkenni hálandisins umfram það sem þegar er orðið.

2.2 Hrunamannahreppur – Aðalskipulag 2016-2032

Aðalskipulag Hrunamannahrepps var staðfest í ársbyrjun 2018. Stefna sveitarfélagsins á afþreyingar- og ferðamannasvæðum er m.a. að huga sérstaklega að öryggi ferðamanna s.s. með bættu þjónustustigi á hálendissvæðum.



MYND 3. Hluti gildandi aðalskipulags. Svæðið er innan rauða hringsins.


Svæðið er skilgreint samkvæmt gildandi aðalskipulagi sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

TAFLA 1. Hluti töflu í kafla 4.1.2 Afþreyingar- og ferðamannasvæði bls. 57-58 í greinargerð.

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI		
Nr. Heiti	Lýsing	Jörð
AF15 Kerlingarfjöll	<p>Gert er ráð fyrir hálandismiðstöð með aðstöðu fyrir öryggis- og eftirlitsaðila, upplýsingar, auk fjölbreyttrar afþreyingar- veitinga- og gistiþjónustu. Boðið veður upp á gistingu á tjaldsvæði, í gistiskálum og hótél/gistiheimilagistingu, enda sé slík gisting aðeins hluti af gistiframboðs og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðaupplifun. Gert er ráð fyrir að allt að 300 gestir geti gisti í húsum.</p> <p>Gert er ráð fyrir að metið verði hvort halda skuli í núverandi ásynd svæðisins og yfirbragð mannvirkja eða móta nýtt yfirbragð með það að markmiði að styrkja ásynd svæðisins. Unnið er að umhverfismati fyrir uppbyggingu starfseminnar. Stærð svæðis er allt að 20 ha. Unnið er að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið en einnig tengjast aðrar leiðir og afþreyingarsvæði í Kerlingarfjöllum Ásgarðssvæðinu.</p>	Afréttur


2.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag, *Hálandismiðsvöðvar í Kerlingarfjöllum*, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er að nýju deiliskipulagi fyrir Ásgarðssvæðið. Nýtt deiliskipulag verður utan þeirra skipulagsmarka.



MYND 4. Gildandi deiliskipulag fyrir svæðið frá árinu 2014.

Samhliða gildistöku þessa skipulags verður svæði fellt úr gildandi skipulagi, samanber skýringarmynd hér neðar. Samkvæmt gildandi skipulagi voru engar framkvæmdir fyrirhugaðar á umræddu svæði.



MYND 5. Rautt svæðið sýnir það svæði sem fellt verður úr gildandi skipulagi.

DEILISKIPULAG SKILMÁLAR

Með gerð deiliskipulagsins er afmörkuð lóð með aðkomu um slóða frá vegi F347 og nýjum byggingarreit fyrir landvarðarhús.

3.1 Landvarðarskáli

Heimilt er að byggja allt að 150 m² skálahús á einni til tveimur hæðum. Mænishæð allt að 7 m, miðað við gólfkóta. Efnisval byggingar skal vera vandað og leitast við að hafa umhverfisvæn byggingarefni. Byggingar verða felldar sem best að landi með hönnun þeirra og efnisvali. Hönnun bygginga skal taka mið af landhalla. Forðast skal áberandi útlýsingu. Mænisstefna er frjáls.

Mannvirki skulu, sem kostur er, miða að svæðið verði sjálfbært og framkvæmdir afturkræfar.

3.2 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að lóðinni er frá um Setursleið sem er slóði sem liggur frá Kerlingarfjallavegi nr. F347. Bílastæði eru innan lóðar og skal afmarkað þannig að ekki verði landi raskað utan þess með akstri.

3.3 Veitur

Lítill vatnsaflsvirkjun er í Sælufossi neðan við Ásgarð og gert er ráð fyrir að landvarðarhúsið tengist veitukerfum frá Ásgarði, dreifikerfi RARIK eða með möguleika á staðbundinni orkuöflun s.s. með sólarrafhlöðum eða lítilli vindmyllu. Gert er ráð fyrir því að grafa einn skurð fyrir rafmagni, ljósleiðara, heittu vatn og neysluvatni sem leitt verður frá ferðafélagshúsinu í Ásgarði. Gert er ráð fyrir að og að lagnir fylgi vegum eftir því sem kostur er.

Neysluvatn

Vatnsöflun verður í samráði við rekstraraðila og sveitarfélag og gert ráð fyrir samnýtingu með hálendismiðstöðinni í Kerlingarfjöllum, eftir því sem kostur er.

Neysluvatn kemur úr vatnsveitu í Ásgarði svæðinu sem hefur verið endurbætt á undanförunum árum. Borhola er innan Ásgarðs.

Heitt vatn

Heitt vatn verður leitt úr borholu innan skipulagssvæðis Fannborgar.

Fráveita

Hreinsivirki verður staðsett norðan megin á lóðinni og er leiðbeinandi staðsetning þess sýnt á uppdrætti. Vatnssalerni verður í skálanum. Farið verður með seyrna á viðurkenndan losunarstað. Frágangur, gerð hreinsivirkis og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

ALMENNIR SKILMÁLAR

4.1 Hönnun og upprættir

Allur meginhluti byggingar skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á lóðablaði. Staðsetning byggingar er frjáls innan byggingarreits. Húsagerð eru frjáls að öðru leyti en því sem lóðablað, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, hæðartölur á landi og við hús, bílastæði, girðingar og annað það sem skiptir máli fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012, lög um mannvirkjagerð og stefnu í deili – og aðalskipulagi.

Leitast verður eftir vistvænum lausnum í efnisvali og litaval sótt í umhverfið.

4.2 Frágangur lóðar

Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Almennt skal frágangur lóðar vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Lóðarhafi ber ábyrgð á að framkvæmdir séu í samræmi við samþykktir. Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi út fyrir lóðamörk. Ekki skal raska meira landi en fyrirhugað er að nýta undir byggingar. Leggja skal áherslu á góða ásýnd lóðar. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingu að utan og lóð samkvæmt skilmálum og aðaluppdráttum eigi síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdir hefjast.

Ofanvatn

Bent er á þann kost að veita vatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði lóða sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytlei smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

UMHVERFISSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu deiliskipulagsins eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótþvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

5.1 Tilkynninga- eða matsskyldar framkvæmdir

Deiliskipulagið markar ekki stefnu um framkvæmd sem fellur undir 1. viðauka í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er því ekki tilkynninga- eða matsskyld.

5.2 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímallengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

TAFLA 1 Vægi áhrifa.

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með til-liti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnu-mörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfisþáttar/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

5.3 Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirliggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

TAFLA 2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur breytingin áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 gr.
Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd og landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Ferðaþjónusta og ferðamenn	Hefur breytingin áhrif á ferðaþjónustu? Hefur breytingin áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032.
Minjar og verndarsvæði	Hefur breytingin áhrif á fornminjar? Hefur breytingin áhrif á náttúru-minjar? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?	Lög nr. 80/2012 um menningar minjar. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. Náttúruminjasrá

Heilsa og öryggi	<p>Hefur breytingin áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði?</p> <p>Er hættu á mengun af völdum breytingarinnar?</p>	<p>Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032.</p> <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <p>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.</p>
------------------	--	--

5.3.1 Valkostir og samanburður

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- **Núll – kostur.** Landnotkun breytist ekki. Ekkert deiliskipulag verður á svæðinu og engar framkvæmdir.
- **Nýtt skipulag.** Byggður verður skáli í samræmi við deiliskipulag, afmörkuð lóð og bílastæði ásamt veitum.

Samanburður

Núll kostur: Áhrif af núll kosti eru óveruleg fyrir alla þætti þar sem svæðið verður óbreytt.

Nýtt skipulag: Áhrif á jarðmyndanir eru óverulegar þar sem ekki eru neinar jarðmyndanir á svæðinu sem njóta sérstakrar verndar eða þykja sérstæðar. Óveruleg áhrif verða á gróður og dýralíf þar sem gróður er mjög rýr á svæðinu og dýralíf mjög fábreytt. Áhrif á ásjón og landslag svæðisins með tilkomu nýs húss og eru metin óveruleg þar sem húsið er nánast í hvarfi frá helstu nálægum leiðum. Óveruleg eða jákvæð áhrif eru á ferðaþjónustu og ferðamenn þar sem unnt verður að auka eftirlit á svæðinu. Ekki eru minjar á svæðinu og verða því óveruleg áhrif. Svæðið er á verndarsvæði en áhrif eru óveruleg vegna staðsetningar og skilmála um ásjón, efnisval og afturkræfar framkvæmdir. Svæðið er við slóða og þarf því ekki að raska svæði fyrir aðkomu. Skipulagið hefur jákvæð áhrif á heilsu og öryggi og mun bæta aðbúnað starfsmanna og þar með auka öryggi ferðamanna.

5.3.2 Niðurstaða

Svæðið er viðkvæmt vegna hæðar yfir sjó og þeirrar sérstöðu sem friðlýsingin tekur yfir. Tillagan er í næsta nágrenni við þá uppbyggingu sem þegar hefur verið á svæðinu þannig að ekki er verið að rjúfa ósnortna heild. Með ákvæðum um umfang og ásjón byggingarinnar er talið að áhrif á umhverfið verði óverulegt.

SKIPULAGSFERLI

Unnin var skipulagslýsing fyrir deiliskipulagið sem send var til umsagnaraðila. Meðal annars bárust umsagnir frá Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og Forsætisráðuneytinu vegna skipulagslýsingarinnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við lýsinguna.

6.1 Samráð

Deiliskipulagið er unnið fyrir Hrunamannahrepp. Tillagan verður send Forsætisráðuneyti og Umhverfisstofnun til umsagnar, þar sem áætluð lóð og byggingar verða innan þjóðlendu og á friðlýstu svæði. Tillagan verður eftir atvikum send öðrum aðilum til formlegrar umsagnar.

Þá mun deiliskipulagið verða auglýst í samræmi við 41 gr. skipulagslaga.

6.2 Skipulagsferli

Meðferð deiliskipulagstillögu verður skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Í töflu 2 er sett áætlun um framvindu skipulagsferlisins.

TAFLA 2. Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

MÁNUÐUR	LÝSING
Desember 2021	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi.
Janúar/febrúar 2022	Tillaga að deiliskipulagi tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd og sveitarstjórn.
Febrúar 2022	Tillaga auglýst, gefinn sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Apríl 2022	Tillaga að deiliskipulagi afgreidd í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun, sem hefur 3 vikur til yfirferðar tillögu.
Mái 2022	Gildistaka deiliskipulags auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.